



Skólaráð Tjarnarskóla
Fundargerð 21. fundar
2. fundur á skólaárinu 2015-2016
4. maí 2015

Mættir voru : Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri
Rosalie Rut Sigrúnardóttir, 10. bekk, fulltrúi nemenda og í nemendaráði
Anika Védís Björnsdóttir, 9. bekk, fulltrúi nemenda
Sigrún Edda Theodórsdóttir, fulltrúi annars starfsfólks
Birna Dís Björnsdóttir, fulltrúi kennara
Helga Júlía Vilhjálmsdóttir, fulltrúi kennara
Björn Halldór Björnsson, fulltrúi foreldra
Ragnheiður Hanson, fulltrúi úr grenndarsamfélaginu

Gestir fundarins voru fulltrúar úr nemendaráði skólans:

Brynja Kristinsdóttir
Silja Aðalgeirsdóttir
Ivana Milutinovic
Anna Dögg Arnarsdóttir
Tveir nemendur til viðbótar voru einnig boðnir er komust ekki.

Ingibjörg Gréta Gísladóttir, fulltrúi foreldra komst ekki.

Margrét bauð fundarmenn velkomna á fundinn og þakkaði gestunum úr nemendaráði sérstaklega fyrir að gefa sér tíma til að mæta á fundinn.

Dagskrá:

1. Farið yfir skóladagatal næsta skólaárs; 2016 – 2017.

Góðar umræður sköpuðust um þennan lið.

Rætt um dagafjölda, annaskipti og að ársátíðardagurinn teljist tvöfaldur (fyrirmynd frá öðrum skólum).

Umræða um samhringing í byrjun skólaársins. Ákveðið að bæta inn á skóladagatalið á fyrsta föstudag, þ.e. föstudaginn 26. ágúst. Tillaga frá nemendum um að 10. bekkingar sjái um dagskrána.

Einnig rætt um að hnika aðeins til aðventuföndri foreldrafélagsins sem hefur að jafnaði verið síðasta fimmtudaginn í nóvember. Nú lendir sá dagur á 24. nóvember og samþykkt var að færa viðburðinn til miðvikudagsins 31. nóvember.

Einnig var samþykkt að færa skíðaferð og byrjun 3. annar frá því sem var á uppkastinu.

Skemmtilegar umræður sköpuðust um góða reynslu yfirstandandi skólaárs við undirbúning árs hátíðar. Þá gafst 10. bekkingum tækifæri á að búa til kennaragrín og skipuleggja árshátíð á uppbrotsdögum í skólanum. Þeim þótti það frábær leið að fá að nýta fjóra daga í þennan undirbúning meðan aðrir nemendur í skólanum gerðu myndbandaverkefni af ýmsu tagi. Miðað við hve vel tókst til var ákveðið að hafa sambærilega þrjá daga til að undirbúa árshátíð meðan aðrir væru t.d. á kvikmyndadögum, þessir dagar eru nefndir uppbrót á skóladagatalinu 2016-2017; 13. – 15. mars.

Skóladagatalið var síðan samþykkt samhljóða.

2. Önnur mál

- a) Sú hugmynd var rædd að 10. bekkingar miðli til 9. bekkinga reynslu sinni af:
 - Hversu vel gekk hjá þeim að skapa góðan bekkjaranda.
 - Skipuleggja árshátíðina.
 - Gera kennaragrínið.
 - Skipuleggja fjáröflun fyrir útskriftarferðalag 10. bekkinga.

Hugmyndir voru viðraðar um framkvæmdina á þessu. Niðurstaðan varð að þeir fimm nemendur sem báru hitann og þungann af stjórn þessara verkefna bekk kæmu inn í 9. bekk og spjölluðu við nemendur og miðluðu af reynslunni. Þessi umræða gæti farið fram í mannræktartíma (lífsleikni).

- b) Að breyta fyrirkomulagi matartíma/frímínútna á föstudögum á þá lund að sleppa einum fimmínútna frímínútum úr valtímum á mánudögum og fimm mínútna frímínútum á milli tveggja valtíma á föstudögum og lengja á móti hádegið á föstudögum um 10 mínútur en föstudagshádegið hefur verið knappara. Þessi tillaga var samþykkt samhljóða.

- c) Vegna aukins álags sem skapaðist í kennarahópnum þegar einn kennari lét af störfum um áramót og mikillar vinnu við að undirbúa móttöku tæplega þrjátíu Dana í apríl, hefur dregist að fylgja eftir þeirri fundaðætlun skólaráðs sem lagt var upp með í haust. Opinn fundur skólaráðsins með nemendum og foreldrum var áætlaður fyrir skólalok en honum var ætlað að rýna í grenndarsamfélagið. Góð umræða skapaðist um þennan lið og ýmsar hugmyndir komu fram.

Niðurstaðan varð:

Halda opinn fund þar sem:

- Nemendur í 9. og 10. bekk myndu vinna viðfangsefnið sem kom fram í a – lið „Önnur mál“ hér að ofan.

Skólaráð Tjarnarskóla 2015-2016

- Á meðan myndu foreldrar 10. bekkinga miðla reynslu til foreldra í 9. bekk um hvernig gott er að leggja 10. bekkjum lið í fjáröflun, skipulagi kveðjustundar og koma fleiri hagnýtum upplýsingum á framfæri.
- Foreldrar í 8. bekk og 8. bekkingar vinni að hugmyndum um hvernig við getum nýtt og tengt okkur enn betur grenndarsamfélaginu.

Síðan myndi 10.bekkur selja veitingar og enda kvöldið með bingó. Ætlunin er að hafa opna fundinn þriðjudaginn 24. maí kl. 18.00. Skyldumæting verður fyrir nemendur, í staðinn fá þeir frí fyrstu tvo tímuna daginn eftir. Hefja svo ritgerðardaga á miðvikudeginum kl. 10.15.

Fundi slitið eftir um klukkustund

SET